

Reglur

- Frístundaver er undir stjórn yfirumsjónarmanns. Næsti yfirmaður umsjónarmanns er fræðslufulltrúi.
- Frístund er starfrækt frá því skóla lýkur á daginn og til kl. 16:00 á Rauðagerði en 16:30 í Þórsheimili. Foreldrar ráða hve mikið af tímanum þeir nýta sér, en þeir þurfa að skrá og skila inn skipulagi um hvernig þeir ætla að nýta tímann þegar stundatöflur hafa verið birta. Ef skipulag breytist þarf að tilkynna það með góðum fyrirvara
- Frístundaver er opið alla virka daga skólaársins skv. skóladagatali en að auki er boðið upp á heilsdagsvistun fyrir 1.-4. bekk í Þórsheimili og hálf dagsvistun fyrir 4.-7. bekk á Rauðagerði frá 16.-22. ágúst, á starfsdögum og í vetrarleyfi skóla.
- Vistunar- og fæðisgjöld: Sjá gjaldskrá Vestmannaeyjabæjar en gjöldin taka breytingum skv. launa- og neysluvísitölu. Vistunar- og fæðisgjöld skal greiða fyrirfram. Ekki er innheimt fyrir dagana í ágúst og júní á móti því að fullt gjald er innheimt fyrir alla aðra mánuði starfsársins. Innheimt er aukalega fyrir morgunvist.
- Systkinaafsláttur gildir ef barn á systkini hjá dagforeldri, leikskóla eða frístundaveri. Forráðamenn greiða fullt gjald fyrir eitt barn, 50% vistunargjalds fyrir annað barn og gjald fyrir þriðja barn er fellt niður. Afslátturinn gildir á lægsta gjaldi, óháð dvalartíma. Systkinaafsláttur gildir ekki fyrir máltíðir. **Sækja þarf sérstaklega um systkinaafslátt á þar til gerðu eyðublaði eða í íbúagáttinni.**
- Foreldrar þurfa að tilkynna til starfsmanna ef barnið mætir ekki.
- Æskilegt er að fót barnsins séu vel merkt, svo og aðrar eigur þess eins og skólataska, íþróttapoki og íþóttaskór.
- Nauðsynlegt er að barnið hafi í skólatöskunni sinni aukasokka og léttar aukabuxtur, t.d. stuttbuxur ef það hefur blotnað í skólanum fyrr um daginn.
- Segja þarf upp vistun með hálf mánaðar fyrirvara.

Fjölskyldu- og fræðsluvið Vestmannaeyja